

Nd. **248. Breytingartillaga** [129. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 21 23. mars 1983, um breyting á þeim lögum.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur, Kristínu Halldórsdóttur, Guðmundi Einarssyni,
Kjartani Jóhannssyni og Svavari Gestssyni.

Aftan við 2. gr. komi ný gr. er verði 3. gr. og orðist svo:

Aftan við 6. tl. 1. mgr. 66. gr. laganna (sbr. 3. gr. laga nr. 21/1983) komi nýr töluliður sem orðist svo:

7. Ef gjaldþol manns hefur skerst verulega vegna atvinnuleysis, aflabrests eða af öðrum skyldum orsökum.